

# Áfangalýsing - Ferðamálafræði



## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2011

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

FER104

## Fjöldi eininga

4

## Undanfari

Enginn

## Lýsing á efni áfangans:

Meginmarkmið í þessum áfanga er að efla þekkingu og auka skilning nemenda á ferðaþjónustu og fara í saumana á grundvallarhugtökum ferðaþjónustugeirans með áherslu á eigið umhverfi og það sem hér er í boði tengt landafræði, sögu, þjónustu, fræðslu, handverki og afþreyingu í Borgarfirði. Hvernig hefur ferðaþjónustuaðilum á svæðinu tekist að koma sér á framfæri og kynna sig og sína þjónustu? Umhverfisþátturinn verður skoðaður, náttúruperlur vegnar og metnar, styrkleikar og veikleikar, svo og aðgengi að þeim í héraðinu. Kallaðir verða til fyrirlesarar úr ferðamálageiranum sem munu kynna sína starfsemi, hvernig þeirra hugmyndir urðu að veruleika og hvernig til hefur tekist. Nemendur eiga að halda dagbók sem þeir skrifa í hugmyndir og það sem kemur upp í hugann gagnvart því sem viðkemur þeirra eigin vinnu og það sem fer fram í kennslustundum. Farið verður í vettvangsferðir og ýmislegt skoðað, frá þjónustu til upplifunar. Nemendur eiga síðan að koma með hugmyndir að starfsemi sem þeir gætu hugsað sér að væri til staðar hér á svæðinu og síðan eiga þeir að vinna að og kynna lokaverkefni sem inniheldur a) grunn að viðskiptaáætlun, b) markaðskönnun um hversu fýsileg hugmyndin er og síðast en ekki síst c) myndbandsverkefni þar sem kemur fram hugmynd sem verður að veruleika. Einnig búa nemendur til líkan að þessari ferðaþjónustustarfsemi sem staðsett er úti í Brákarey.

# Áfangalýsing - Ferðamálafræði



## Kennslugögn:

- *Efni frá kennara*
- *Vettvangsferðir og heimsóknir til ferðaþjónustustaðila*
- Dagbók þar sem nemendur skrifa eigið efni ásamt upplifun á því þegar farið er í könnunar- og vettvangsferðir en síðast en ekki síst það viðfangsefni og þau skoðanaskipti sem fram fara í kennslustundum
- Fyrirlesarar úr ferðaþjónustugeiranum

## Námsmat:

Námsmat í áfanganum byggir á fjölbreyttum efnisþáttum. Kennareinkunn gildir 50% og byggir á þátttöku og frammistöðu í kennslustundum, efnisöflun, skilvirkni og mætingu, dagbók 20%, lokaverkefni 20% og sjálfsmat, byggt á viðtölum við nemendur í lok annar 10%. Mikil áhersla er lögð á að nemendur afli sjálfir upplýsinga úr geiranum og einng skila nemendur dagbók í lok annar. Myndbandsverkefnið er hópverkefni þar sem nemendur gera munnlega grein fyrir af hverju þeir völdu viðkomandi viðfangsefni og kynna síðan fyrir áhorfendum ásamt líkani. Rétt er að minna nemendur á að lögð verður áhersla á að stunda námið jafnt og þétt alla önnina. Vinnan í áfanganum fer að mestu fram í kennslustundum þannig að skilvirkni og ástundun eru lykilatriði.

# Áfangalýsing - Ferðamálafræði

Lokamarkmið áfanga:

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :**

- helstu hugtökum í ferðþjónustu og hið mikla mikilvægi þessa geira í dag
- stóru auknum möguleikum í ferðþjónustu bæði hér heima og erlendis
- umhverfisþættinum í geiranum, jákvæðum og neikvæðum
- fjölbreyttu framboði af náttúruperlum og afþreyingu
- séreinkennum hvers svæðis fyrir sig, hvað á að leggja áherslu á og hvað ber að varast

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- kynna sér tiltekið efni og taka afstöðu til þess t.d. ferðamöguleikum og framboði
- beita ákveðnum rannsóknaraðferðum/könnunum við hugsanlega nýtingu náttúruauðlinda
- beita gagnýnni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- meta hvað sé góð eða slæm ferðþjónusta, t.d. áhrif náttúruhamfara
- nota viðeigandi hjálpargögn við gerð og frágang verkefna
- afla upplýsinga um ferðþjónustugeirann eftir fjölbreyttum leiðum
- að nýta sér ólíkar handbækur og upplýsingamiðstöðvar
- kunna að nýta sér kortalestur

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- gera sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum þáttum ferðþjónustu á umhverfið
- vinna að skapandi verkefnum sem tengjast ferðþjónustugeiranum
- vera meðvituð um þátt Ferðamálaráðs og nýta sér kosti þess
- þekkja ferðaframboð íslenskra ferðþjónustuaðila
- starfa við ferðþjónustu á Íslandi og erlendis